

Guðbjörn Jónsson



Innanríkisráðherra,
Hanna Birna Kristjánsdóttir

Reykjavík 4. maí 2014

ERINDI: Varðar óskiljanlega sniðgöngu héraðsdóms Reykjavíkur við skýrar lagareglur um framkvæmd þinghalds í einkamáli og eðlileg mannréttindi.

Þann 15. apríl s.l. sendi ég þér, ásamt Dómstólaráði, afrit af bréfi sem ég skrifaði dómstjóra héraðsdóms Reykjavíkur, varðandi ranga og augljósa ólögmæta framgöngu réttarins við þingfestingu á dómsmáli sem ég hugðist flytja fyrir dómnum.

Þann 24. apríl s.l. fékk ég meðfylgjandi svar frá Ingimundi dómstjóra og var því samdægurs svarað með meðfylgjandi bréfi mínu. Afrit af því bréfi var sent Dómstólaráði.

Í báðum þessum bréfum frá mér er fjöldi alvarlegra athugasemda um framkvæmd réttarfars, alla vega í máli mínu, en mér er einnig kunnugt um að mál mitt er síður en svo einsdæmi.

Í ljósi þess hve alvarlegt mál er hér á ferð, vil ég óska eftir fundi með þér, **sem tekinn yrði upp á myndband**, varðandi framkomu héraðsdóms gagnvart mér í téðu máli og aðrar augljósar brotalamir í réttarfari okkar, sem mér eru kunnar. Tekið skal fram að hér er ekki um pólitískt viðtal að ræða, þannig að mér þætti eðlilegt og til bóta að þú hefðir yfirlögfræðing ráðuneytisins eða ráðuneytisstjóra með þér, þannig að þess yrði gætt að við hverri spurningu yrði látið koma fram besta svar sem ráðuneytið gæti látið af hendi.

Í framhaldi af viðtalinu við þig, mun ég æskja viðtals um sama efni, við forsætisráðherra, forseta Alþingis og viðkomandi þingnefndarformann. Einnig verður leitað álits hjá forseta lagadeildar Hálskóla Íslands og formanni Dómarafélagsins. Tilgangurinn er að fá sem breiðasta mynd af þekkingu fólks og viðhorfum til þess skorts á virðingu fyrir stjórnarskrá landsins, sem fram kemur í þeim starfsháttum héraðsdóms sem ég bendi á í bréfum mínum og öðrum þekktum atriðum er vikið verður að.

Ég vek athygli á að það er síður en svo ný tilkomið að skortur sé á virðingu fyrir mannréttindum og stjórnarskrá í réttarfari hjá okkur. Það var á árinu 1963 sem sýslumaður Barðastrandasýslu heimilaði innbrot á heimili mitt og útburð búslóðar minnar og dánarbús móður minnar og fósturföður, sem bæði dóu á sama árinu, meðan ég var staddur suður í Reykjavík við útför fósturförður míns.

Sá sýslumaður sem þar var að verki var nýkominn til starfa og hafði ég aldrei séð hann og vissi ekki til að hann vissi nein deili á mér. Leit mín að lögfræðing í höfuðborginni, sem mundi vilja hjálpa mér að endurheimta heimili mitt, bar ekki

árangur fyrr en Hannibal Valdimarsson fór með mér til fullorðins lögfræðings, sem hættur var störfum og gat fengið hann til að leiðbeina mér.

Sá aldni höfðingi hringdi til sýslumanns til að afla sér upplýsinga en lét hátalara vera á borðinu svo ég heyrði svörin. Viðbrögð sýslumanns, þegar hann vissi erindið, var að segja við lögfræðinginn. – [Ætlar þú að fara að taka málstað þessa helvítis fífls?](#) Það varð ekkert meira úr því samtali. Framhaldið varð það að búslóð mín og dánarbúsins eyðilagðist úti í opnum þurrkhjalli, þar sem dótið snjóaði í kaf. Dánarbúinu var aldrei skipt, svo sem lög kveða á um og ég fékk aldrei aftur heimili mitt. Til þess að ég fengi það ekki aftur var húsið eyðilagt.

Eftir tæplega 5 ára starf í hagdeild banka, var ég í upphafi ársins 1990, fyrir tilstuðlan nokkurra þingmanna í eldri kantinum, fenginn til að setja af stað fjármálaráðgjöf fyrir fólk í skuldavanda og gjaldþroti. Var þessi ráðgjöf stofnsett sem fjárhagslega sjálfstæð deild innan svonefndra G-samtaka, sem komin voru inn á fjárlög. Í því starfi kynntist ég afar mörgum skelfilega ljótum ágöllum á réttarhari okkar, sem m. a. leiddu til bréflegrar kærú á hendur nokkurra tuga lögfræðinga til dómsmálaráðuneytis, vegna mannréttindabrota og ólöglegrar starfsemi.

Það varð til þess að snemma árs 1991 bjó einn hæstaréttarlögmaður til kærú á hendur mér, sem send var Rannsóknarlögreglu ríkisins. Jafnframt var kærúnni dreift til allra helstu fjölmiðla landsins og ég í nokkra daga í ítrekaðri og endurtekinni umfjöllun fjölmiðla, talinn sekur um misferli í fjármálum.

Sama var hvert ég leitaði, hvort það var til RLR, fjölmiðla sem um mig höfðu fjallað, Lögmannafélags, Ríkissaksóknara, Dómsmálaráðuneytis eða til lögmannsins sem kærúna samdi. HVERGI gat ég fengið að vita í hverju hið kærða misferli væri fólgid og enginn fjölmiðill vildi leyfa mér að koma mínu sjónarmiði á framfæri.

Síðan það gerðist sem að framan er lýst, eru liðin rúm 20 ár OG ENN SIT ÉG SEM SAKFELLDUR MAÐUR í huga einhvers fjölda landsmanna. Alla vega varð afleiðing hinnar tilbúnu kærú sú að ég FÉKK ALDREI AFTUR, starf í því fagi sem ég hafði, á 20 árum aflað menntunar og þekkingar á, vegna þessarar ómerkilegu aðfarar.

Merkilegasti hluti þessa máls lýtur kannski að **hinni móttéknu kærú hjá RLR**. Aldrei var ég boðaður í viðtal og fjórar tilraunir mínar til að fá þar upplýsingar um kæruefnið bar ekki árangur. Og RLR lokaði aldrei málinu. Aldrei barst tilkynning til mín um niðurfellingu kærúnnar, svo ég fengi einhver haldbær gögn í hendur til að nota við málshöfðun til endurheimtu míns óflekkaða mannorðs.

Þriðja og síðasta tilfellið um hvernig meingallað réttarfar hjá okkur braut alvarlega á mannréttindum mínum gerðist fyrir nákvæmlega 10 árum, er ég þann 18. febrúar 2004 þingfesti stefnu á hendur Ríkisskattstjóra og Fjármálaráðherra, f. h. embætta sinna, fyrir augljós og gróf brot á lögum um virðisaukaskatt. Frá fyrstu stundu var málið ólöglega meðhöndlað í héraðsdómi. Með ótækri málsmeðferð var því vísað frá héraðsdómi og með rökum sem ekki stóðust vísað frá Hæstarétti með úrskurði um að ég skildi greiða tæpar 200.000 krónur í málskostnað til embætis ríkislögmanns, fyrir vinnu sem samanlagt komst fyrir á einu A4 blaði.

Það broslega við það sem nú er að gerast er það að árið 2004 þingfesti ég málið, sem hér að framan er getið, þann 18. febrúar 2004 kl. 10:00. Mál mitt nú, á hendur Íbúðalánasjóði var þingfest 18. febrúar 2014 kl. 10:00

Í fyrra málinu fengu hinir stefndu frest til 15.04. 2004 kl. 9:30, til að skila greinargerð. Og nú fékk hinn stefndi frest til 15.04. 2014 kl. 9:30 til að skila greinargerð. Spurningin er hvort hráskinnaleikurinn endurtaki sig?

Árið 2004 var ég í raun það veikur að mér urðu ofviða þau rangindi sem ég var beittur og gat þá ekki, hvorki fjárhagslega né heilsufarslega fylgt máli mínu eftir. Öðruvísi staða er nú uppi og ég hef nú undirbúið mig vel og ætla áreiðanlega að fylgja málinu ALLA LEIÐ til réttlætis, hvort sem það verður hér á landi eða við erlenda dómstóla, ef þörf krefur.

En eins og fram kemur frammar í bréfi þessu er það skref sem hér er stigið að fá viðtal við æðstu menn ráðuneytis þíns um þessi mál, fyrsta skref mitt í leit að dómstóli sem fullnægir ákvæðum 65. og 70. gr. stjórnarskrár. Ég heiti fullum drengskap um að engin flokkspólitísk viðhorf fái að koma fram í umfjöllun minni, heldur eingöngu viðurkennd mannréttindi og hin skýru ákvæði stjórnarskrár um dómstóla.

Með von um að af umbeðnu viðtali geti orðið áður en langur tími líður

Virðingarfyllst

Guðbjörn Jónsson